

## **Ályktun um samstarf við önnur heildarsamtök**

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 fagnar því góða samstarfi sem verið hefur milli samtaka opinberra starfsmanna á yfirstandi kjörtímabili. Þingið hvetur til áframhaldandi samstarfs um sameiginleg mál félagsmanna samtakanna og hvetur einnig til þess að samtökin sækji fram sameinuð til að bæta réttindi þeirra. Þá hvetur þingið til aukins samstarfs við önnur samtök launamanna sem hafa svipuð markmið og Kennarasamband Íslands.